

<p><b>Kennsluáætlun</b></p> <p><b>Íslenska</b> <b>Haust 2024-vor 2025</b></p> <p>5-6 bekkur</p> <p>3 tímar í töflu á viku. 4 vikna lota á haustönn. 6 vikna lota á vorönn. Áætlun í lotu er sett sér inn. -----</p> <p><b>Námsmat:</b></p> <p>Vinnumat kennara. Vinna í vinnubók. Mat lagt á hlustun og framsögn nemanda. Þátttaka og frumkvæði í tímum. Áhugi og skilningur.</p> <p><b>Efni:</b></p> <p>Kennslubækurnar: Ritrún 3, Málrækt 1,2 og 3. Ýmis lesskilnings og málfræðiverkefni. Fjölbreytt lesefni ásamt efni frá kennara.</p> <p><b>Verkefni:</b></p> <p>Sjálfstæð vinna. Hópverkefni. Framsagnar og leiklistarverkefni.</p>	<p><b>Hæfniviðmið</b></p> <p>Sjá hæfniviðmið af heimasíðu Waldorfskólans og Aðalnámskrá grunnskóla</p> <p><b>5.bekkur</b></p> <p>Að nemandi geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisni.</p> <p>Að nemandi geti tjáð sig skýrt og áheyrilega. Gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</p> <p>Að nemandi geti hlustað af áhuga og endursagt vel og nokkur nákvæmlega innlögn kennara.</p> <p>Að nemandi þekki persónur, tíðir og fallorðaflokka og geti nýtt sér í verkefnavinnu.</p> <p>Að nemandi geti tekið þátt í ýmiskonar framsögn og leikrænni tjáningu í tengslum við námsefni.</p> <p>Að nemandi geti lesið úr einföldum myndrænum upplýsingum.</p> <p>Að nemandi geti samið eigin texta, tjáð hugsanir sínar og reynslu.</p> <p>Að nemandi geti lesið sér til ánægju og fróðleiks ýmsar tegundir texta á góðum leshraða.</p> <p>Að nemandi þekki íslenskar bókmenntir úr sagnaarfi.</p> <p>Að nemandi geti skrifað skýra og fallega skrift í eigin vinnubækur og gert efnisyfirlit.</p>
--	--

Að nemandi geti nýtt orðaforða sinn til að skilja ný orð og orðasambönd í tungumálinu.

Að nemandi geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.

## **6. Bekkur**

Að nemandi geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu varðandi það sem sagt er.

Að nemandi geti endursagt efni og unnið eigin texta að nokkru leyti út frá innlögn kennara.

Að nemandi geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og geti haldið athygli áhorfenda í frásögn.

Að nemandi geti lesið texta við hæfi, á góðum hraða og af skilningi.

Að nemandi geti lesið sér til ánægju og rætt um efni sem hann getur lesið.

Að nemandi þekki nokkur bókmenntahugtök, eins og persónusköpun, flækju, hápunkt, sögu og lausn.

Að nemandi geti ritað stuttan texta og sögur frá eigin brjósti.

Að nemandi geti aflað sér upplýsinga úr bókum og öðru efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna.

Að nemandi þekki nokkrar reglur um gott málfar og orðanotkun við hæfi.

Að nemandi geti unnið eigin vinnubók, skipulega og á skapandi hátt, bæði með texta og myndir.

Að nemandi geti nýtt sér orðabækur og aðra gagnagrunna um tungumálið og skilji almenn málfræðihugtök og geti beitt þeim.

Að nemandi geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að rita texta og vinna verkefni.